



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 24. september

2019

USK2019070038

5.28

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um verkefnastofu borgarlínu - R19070150

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

"Hvers vegna var sett á laggirnar ný stofnun verkefnastofa borgarlínu? 2. Hvað er áætlað að rekstur stofnunarinnar kosti á ársgrundvelli? 3. Hvað eru/verða margir starfsmenn í stofnuninni? 4. Hver er kostnaður Reykjavíkur við rekstur stofnunarinnar?"

Að neðan er leitast við að svara spurningum sem fram koma að ofan.

1. Undirbúningur Borgarlínu er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar fyrir hönd ríkisins. Sameiginleg verkefnastofa þessara aðila var sett á laggirnar til að stuðla að bættri skilvirkni og samvinnu í undirbúningsfasanum. Tilgangur verkefnastofunnar er að ljúka forhönnun Borgarlínu, yfirfara leiðarkerfi almenningssamgangna, kostnaðarmat, skipulagsvinna og gerð umhverfismats þannig að hægt verði í framhaldinu að hefja verkhönnun og undirbúa gerð útboðsgagna fyrir framkvæmdir. Verkefnastofan starfar á grundvelli samkomulags milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem lagður var grunnur að í samgönguáætlun. Samkomulagið felur í sér að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Vegagerðin skipti með sér kostnaði vegna undirbúningsvinnunnar á árunum 2019 og 2020.

2. Í samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning 2019-2020 vegna lagningar Borgarlínu frá 14. júní kemur fram að gert er ráð fyrir að allt að 1.600 millj. kr. verði varið í undirbúninginn á þessum tveimur árum. Sveitarfélögin leggja í sameiningu til fjármagn til jafns við framlag ríkisins, allt að 800 millj. kr. Áætlanir gera ráð fyrir að rekstur verkefnastofu Borgarlínu verði 600 m.kr. árið 2019 og 1.000 m.kr. árið 2020. Með rekstri er átt við innri vinnu starfsfólks verkefnastofu og aðkeypta ráðgjöf sem er stærsti kostnaðarliðurinn.

3. Á verkefnastofunni eru þrír verkefnastjórar, þau Bryndís Friðriksdóttir samgönguverkfræðingur, Hrafnkell Á. Proppé skipulagsfræðingur og Lilja G. Karlsdóttir samgönguverkfræðingur. Verkefnateymið mun njóta tilfallandi stuðnings sérfræðinga Vegagerðarinnar, sveitarfélaganna og Strætó bs. Undirbúningsvinnan mun jafnframt vera í höndum utanaðkomandi ráðgjafa, bæði innlendra og erlendra.

4. Í fyrirnefndu samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 14. júní kemur fram að kostnaðarskipting á hlut sveitarfélaganna í verkefninu er miðuð við íbúafjölda. Hluttur Reykjavíkurborgar m.v. 800 millj. kr. alls frá sveitarfélögunum fyrir 2019 og 2020 verður þá um 452 millj. króna.



Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri